

Afgreiðslufundur byggingafulltrúa Dalvíkurbyggðar

Fundur nr. 2

Haldinn 19.05.2021 kl 8:30 í Ráðhúsi Dalvíkurbyggðar

Viðstaddir voru: Þorsteinn Björnsson sviðsstjóri og byggingafulltrúi, Vilhelm Anton Hallgrímsson slökkviliðsstjóri og Helga Íris Ingólfssdóttir skipulags- og tæknifulltrúi sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ægisgata 19a, Árskógssandi.

Farið var yfir grunnmynd, útlit og snið af aðalteikningum. Breyta þarf hurð milli bílskúrs og þvottahúss, en hurðin þarf að lágmarki að vera EI2 30-CSm samkvæmt 9.6.20.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Fyrir liggur ósk um byggingarleyfi sem fer fyrir fund Umhverfisráðs.

2. Öldugata 1, Árskógssandi.

Farið var yfir grunnmynd, útlit og snið af aðalteikningum fyrir garðskála. Ekki gerðar athugasemdir við framlögð gögn. Skila þarf inn skráningartöflu fyrir íbúðinni þar sem viðbyggingin er tekin með.

Fyrir liggur ósk um byggingarleyfi sem fer fyrir fund Umhverfisráðs.

3. Grundargata 3, Dalbær

Farið yfir teikningar af fyrirhuguðum stiga og stigapalli utan á húsinu vestanverðu. Einnig farið yfir grunnteikningar af húsinu þar sem búið er að skipta því í tvær íbúðir. Einungis ein flóttaleið er úr íbúð efri hæðar en æskilegt væri að þær væru tvær.

Klæðningin á stigapallinum þarf líka að uppfylla kröfur byggingarreglugerðar um brunavarnir. Eigandi hússins þarf að skila inn skráningartöflu fyrir húsið og sækja um að fá að skrá það sem tvær íbúðir.

4. Hringtún 19

Farið yfir athugasemdir sem bárust varðandi fjarlægð milli Hringtúns 19 og 21 með tilliti til brunavarna. Fjarlægð milli húsanna er meiri en sex metrar sem er minnsta leyfilega fjarlægð húsa af þessari gerð samkvæmt 9.7.5. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Ekki fleira fært til bókar og fundi lauk kl. 9:00